

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. maí 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-39/2010.

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 23. mars sl. bað X hrl., hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi . f.h. A, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann segir hafa verið á bifreiðinni B, er hann hafi keypt nýja hjá Y, í apríl 2008. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði að fullu kostnað við viðgerð á gallanum eða kr. 132.530.

### II

#### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 24. mars sl., gaf kæruneftndin Y. kost á andsvörum og búrúst þau 31. mars. Með bréfi, dags. 8. apríl, var lögmanni álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og búrúst þær 16. apríl. Með bréfi dags. 19. apríl sl. var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### III

#### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni segir lögmaður álitsbeiðanda m.a. eftirfarandi:

##### „Málavextir

Umbj. minn, sem er leigubifreiðastjóri að atvinnu, keypti í apríl 2008 bifreiðina B af Y. Bifreiðin er sjálfskipt og er hún af gerðinni Z. Þegar umbj. minn fór með bifreiðina í 15.000 km skoðun þann 19. júní 2008 til Y, sem er umboðsaðili Z, gerði hann um það athugasemd, að óeðlileg högg kæmu fram í sjálfskiptingunni sem einkum væru áberandi, þegar bifreiðin væri köld og einnig þegar bifreiðinni væri ekið af stað upp í móti. Þá var sjálfskiptingin endurstíllt og bætt á hana olú, sbr. fylgiskjal 1. Umbj. minn segir sjálfskiptinguna ekki hafa lagast við framangreinda aðgerð og þegar hann færði bifreiðina til skoðunar hjá umboðsaðilanum við 30.000 og 45.000 km akstur, gerði hann grein fyrir óánægju sinni með sjálfskiptinguna. Við 60.000 km skoðun hjá umboðinu var skipt um olú á sjálfskiptingunni og einhvern hlut í sjálfskiptingunni í þeim tilgangi að auka þrýsting í sjálfskiptingunni. Hjá umboðinu er ekki skráð beiðni um þessa aðgerð, þar sem hún var ekki gerð að beiðni umbj. m. heldur var hún gerð að frumkvæði umboðsins sem tilraun til lagfæringar á sjálfskiptingunni, fskj. 2. Því miður lagaðist ekki sjálfskiptingin við þess aðgerð. Við 75.000 km og 90.000 km var olúeftirlit og –skipting framkvæmd hjá Esso . Þegar bifreiðin var komin í 105.000 km var skoðun framkvæmd hjá umboðinu og var þá skipt um olú á sjálfskiptingunni. Þann 17. febr. sl. gerðist það síðan, þegar umbj. minn er að taka af stað við umferðarljós, að högghljóð heyrðist frá sjálfskiptingunni og eftir það virkaði ekki 1. og 2. gír. Hafði bifreiðinni þá verið ekið 117.000 km. Fór umbj. m. þá með bifreiðina í umboðið til viðgerðar. Að sögn viðgerðarmanna fólst bilunin í því að bremsuband í sjálfskiptingunni hafði slitnað. Viðgerðin kostaði kr. 265.060, fskj. 3. Umboðið féllst ekki á að bera tjónið sem

ábyrgðartjón nema að hálfu leyti og krafði umbj. m. um greiðslu helmings viðgerðarkostnaðar, kr. 132.530, sem hann hefur greitt í tvennu lagi, [...].

### **Kröfugerð og rökstuðningur**

Með vísun til 30. gr. laga nr. 50/2000 gerir umbj. m. þá kröfu, að kærunefndin gefi það álit í máli þessu, að Y skuli bera allan kostnað vegna viðgerðar á sjálfskiptingu bifreiðarinnar B. Umbj. m. telur, að viðgerðarsaga bifreiðarinnar staðfesti, að sjálfskipting bifreiðarinnar hafi verið haldin galla. Í því sambandi er vísað til álits þriggja bifvélavirkja, fskj. 4. Eins og fram kemur í málavaxtalýsingu að framan, sbr. einnig fskj. 1, kvartaði umbj. m. um leið og tilefni var til við Y. um ágallana í sjálfskiptingunni og fullnægði hann þar með tilkynningarskyldu sinni skv. 32. gr. tilvitnaðra laga.“

Yfirlýsing bifvélavirkjanna þriggja sem álitsbeiðandi vísar til er svohljóðandi:

„Við undirritaðir bifvélavirkjar látum hér með í ljós það álit okkar varðandi bilun í sjálfskiptingu bifreiðarinnar B eftir 117.000 km akstur, að við teljum að bilun sjálfskiptingarinnar eftir ekki meiri akstur sé að rekja til framleiðslugalla en ekki slits.“

## **IV**

### **Andsvör gagnaðila**

Í andsvörum Y kemur m.a. eftirfarandi fram:

„19. júní 2008 kvartar eigandi undan því að skipting höggvi og snuði þá er skipting endurstíllt enda um skynvædda skiptingu að ræða sem breytir átaki eftir ökulagi. Einnig vantaði lítillaga sjálfskiptivökva sem hæglega getur valdið höggum t.d. í beygjum, verk unnið 4. júlí 2008.

Í 30.000 km skoðun kemur ekkert fram á beiðni verkstæðis Y að eigandi sé ósáttur við sjálfskiptingu bifreiðar.

Í 45.000 km skoðun kemur fram munnleg kvörtun eiganda (ekki á beiðni) um snuð í sjálfskiptingu og er þá skipt um þrýstiventla, verk unnið 25. nóvember 2008, bifreið ekin 45.933 km.

Í 60.000 km skoðun er skipt um sjálfskiptivökva samkvæmt þjónustubók þá er bifreiðin ekin 107.386 km, engin umkvörtun á beiðni vegna óeðlilegrar hegðunar sjálfskiptingar.

17. febrúar 2010 kemur eigandi með B á verkstæði Y og liggur fyrir að sjálfskipting tekur ekki 1 og 2 gír og er orsökina slitið bremsuband eins og fram kemur í bréfi yðar dagsettu 24. mars 2010, bifreiðin er þá ekin 117.250 km.

Ef skoðaður er þjónustuferill B og umkvartanir eiganda um óeðlilega hegðun sjálfskiptingar þykir ljóst að bifreiðaverkstæði Y hafi gripið inn í með fullnægjandi aðgerðum enda umkvartanir hætt eftir hverja aðgerð. Við hjá bifreiðaverkstæði Y viljum einnig benda á að sjálfskiptingar af þeirri gerð sem er í B er skynvædd og breytir átaki og hegðun eftir aksturslagi og getur það verið nokkuð áberandi ef fleiri en einn aðili ekur sömu bifreið af þessari gerð.

Hins vegar ef bremsuband gefur sig á þann hátt sem þykir sýnt að hafi átt sér stað í þessu tilfelli þ.e. slitnar án annarra sýnilegra áverka þá er það álit okkar hjá bifreiðaverkstæði Y að um utanaðkomandi álag sé að ræða sem getur orsakast til dæmis við að bifreið sé skipt milli afturábak og áframgíra án þess að stöðva bifreiðina eða spólað sé á klaka og síðan nái hjólbarðar snögglega gripi.

Ef hins vegar bremsuband hefði gefið sig vegna óeðlilegs slits væri hægt að sjá það á suðupunktum sem eru í lagi í þessu tilfelli (bremsubandið er hægt að skoða hjá bifreiðaverkstæði Y).

Að þessu framangreindu er það okkar mat hjá bifreiðaverkstæði Y að eiganda B hafi verið gert gott tilboð í viðgerð á sjálfskiptingunni enda bifreið fallin úr umsaminni ábyrgð þar sem akstur hefur þegar náð 100.000 km.

Við hjá Y vonum að athugasemdir okkar verði skoðaðar af sanngirni og að við fáum að bregðast við frekari niðurstöðum.“

## V

### Athugasemdir álitsbeiðanda

Athugasemdir lögmanns álitsbeiðanda hljóða svo:

„Ég hefi mótttekið andsvör Y. í ofangreindu máli. Í andsvörum Y segir, að skipt hafi verið um þrýstiventla í sjálfskiptingunni við 45.000 km skoðun bifreiðarinnar B, en í bréfi mínu frá 18. mars sl. segir hinsvegar, að aðgerð þessi hafi verið framkvæmt við 60.000 km skoðun og var þar byggt á minni umbj. míns. Ekki er gerð athugasemd við upplýsingar bifreiðaumboðsins í þessu efni, enda eru þær væntanlega byggðar á skráðum heimildum um viðgerðina.

Í andsvörum Y segir jafnframt, að bifreiðin B hafi verið fallin úr umsaminni ábyrgð, þegar sjálfskipting hennar bilaði þann 17. febr. sl., þar sem henni hafi þá verið ekið meira en 100.000 km. Umbj. minn kannast ekki við að hafa samið við umboðið um takmarkanir á ábyrgð umfram það, sem kveðið er á um í lögum nr. 50/2000. Að öðru leyti þykir ekki tilefni til athugasemda.“

## VI

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Álitsbeiðandi notar bifreið sína sem atvinnutæki og fellur því ágreiningur aðila undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað álits sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Í 1. og 2. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000 segir eftirfarandi:

Kaupandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var í hverju gallinn er fólgin.

Ef kaupandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.

Að áliti kærunefndarinnar verður að skýra 2. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000 svo að seljandi geti ekki með sérstökum skilmálum stýtt þann tíma sem kaupandi hefur rétt til að koma á framfæri við seljanda kvörtunum vegna meintra galla á söluhlut með því að miða við ákveðna notkun hans. Nefndin tekur þetta fram vegna ummæla seljanda í andsvörum um að ábyrgð hans á göllum á bifreiðinni hafi fallið úr gildi þegar henni hafði verið ekið 100.000 km. Hitt er svo annað mál að notkun söluhlutar getur haft áhrif á mat á því hvort

litið verði á galla sem framleiðslugalla eða gallinn stafi af því hvernig og hversu mikið hluturinn hefur verið notaður.

Eins og fyrr er rakið keypti álitsbeiðandi bifreið sína nýja í apríl 2008. Samkvæmt því sem kemur fram í gögnum málsins kvartaði álitsbeiðandi 19. júní 2008 undan því við seljanda að sjálfskiptingin hyggi og snuðaði og var hún endurstíllt 4. júlí 2009. Álitsbeiðandi segir að skiptingin hafi ekki lagast við þessa aðgerð.

Álitsbeiðandi kveðst hafa kvartað við seljanda undan því að sjálfskiptingin væri ekki í lagi við næstu skoðanir, en það mun hafa verið þegar bifreiðinni hafði verið ekið 30.000 og 45.000 km. Í síðara skiptið, sem var 25. nóvember 2008, skipti seljandi um þrýstiventla í sjálfskiptingunni. Álitsbeiðandi segir skiptinguna ekki hafa lagast við þá aðgerð. Álitsbeiðandi segir að olúskipti og eftirlit, þegar bifreiðinni hafði verið ekið 75.000 og 90.000 km., hafi ekki verið framkvæmd hjá seljanda. Seljandi segir að ekki hafi verið kvartað undan sjálfskiptingunni þegar skipt hafi verið um olú á henni 7. desember 2009 en þá hafi verið búið að aka bifreiðinni 107.386 km.

Hinn 17. febrúar 2010 kom álitsbeiðandi síðan með bifreiðina til viðgerðar hjá seljanda, en 1. og 2. gír sjálfskiptingarinnar virkaði ekki, og var þá skipt um svokallað bremsuband sem var slitið og stendur ágreiningur aðila um kostnað af þeirri viðgerð, en ekki viðgerðum eða lagfæringum á sjálfskiptingunni að öðru leyti. Kærufundinni þykir mega byggja á því að álitsbeiðandi hafi kvartað fljótlega eftir að hann varð þessarar bilunar var.

Þegar álitsbeiðandi kvartar undan galla á sjálfskiptingunni í febrúar sl. voru ekki liðin 2 ár frá því að hann fékk bifreiðina afhenta sem var í apríl 2008 eins og fyrr segir. Álitsbeiðandi kvartaði þannig innan þeirra fresta sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000 sem raktar eru hér að framan.

Í 17. gr. laga nr. 50/2000 er kveðið á um eiginleika söluhlutar, galla o.fl., og segir þar m.a. eftirfarandi í 1.-3. mgr.:

Sölulatur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.

Ef annað leiðir ekki af samningi skal sölulatur:

a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;

b. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;

[...]

Sölulatur telst gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í og 2. mgr.

Eins og að framan er getið var bifreið álitsbeiðanda ekki orðin 2 ára þegar sjálfskipting hennar bilaði í febrúar 2010. Bifreiðin var að vísu mikið ekin miðað við aldur enda notuð til leigubifreiðaaksturs. Upplýst er að skipt var um þrýstiventla í sjálfskiptingunni þegar bifreiðinni hafði verið ekið 45.000 km. Benda má á að rétt kvörðun á þrýstiventlum skiptir verulegu máli svo að þeir geti unnið á því sviði sem þeim er ætlað s.s.eins og að stjórna vinnuþrýstingi á bremsubandið. Í því tilviki sem hér um ræðir verður þó ekki fullyrt að þessi kvörðun hafi ekki verið með eðlilegum og réttum hætti í bifreið álitsbeiðanda eftir að skipt var um ventlana.

Samkvæmt upplýsingum frá seljanda er sjálfskiptingin í bifreið álitsskiptingum af gerðinni ..... framleidd af því fyrirtæki sem framleiðir Z bifreiðir. Fram kemur hjá seljanda í andsvörum það álit að bilun bremsubandsins í bifreið álitsskiptingum stafi af utanaðkomandi álagi s.s. eins og því að bifreiðinni hafi verið skipt úr áframgír í afturábakgír án þess að stöðva hana eða hjólum sé spólað niður úr klaka og nái síðan snöggu gripi.

Í þessum sjálfskiptingum eru tvö bremsubönd, kölluð F2 og F3. Það er vitað að bandið F3 vill gefa sig en það er virkt í fyrsta og öðrum gír. Bandið F2 er virkt í (R) afturábak gír. Það er rétt hjá seljanda að það þarf ákveðinnar aðgæslu við þegar skipt er um gíra á milli áfram og afturábak og öfugt vegna þess hvernig sjálfskiptingin er hönnuð. Það er engu að síður álit kærufndarinnar að svo verulegar líkur séu á því að röng kvörðun hafi verið á þrýstiventlunum áður en skipt var um þá og það hafi leitt til þreytu og óeðlilegs slits á bremsubandinu sem að lokum hafi gefið sig af þeim ástæðum.

Í 30. gr. laga nr. 50/2000 segir eftirfarandi í 1. málslíð 1. gr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.-40. gr. krafist úrbóta nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæði 42. gr.“

Samkvæmt því sem að framan er rakið er það álit kærufndarinnar að bilunin í sjálfsskiptingunni verði ekki rakin til sakar álitsskiptingum eða aðstæðna sem hann varða heldur stafi hún af framleiðslugalla. Samkvæmt 34. gr. laga nr. 50/2000 getur kaupandi krafist þess að seljandi bæti úr galla á eigin reikning verði það gert án þess að valda seljanda ósanngjörnum kostnaði eða óhagræði. Seljandi hefur bætt úr gallanum en ekki nema að hluta á eigin kostnað, þ.e. álitsskiptingum hefur borið hluta kostnaðarins eða kr. 132.530. Það er álit kærufndarinnar samkvæmt því sem að framan segir að viðgerðarkostnaðinn eigi seljandi að greiða að fullu og greiðsla hans geti hvorki talist fela í sér ósanngirni eða valda seljanda óhagræði í skilningi framangreindra ákvæða 34. gr. laga nr. 50/2000.

## VII

### Álitsskiptingum

Seljandi, Y. greiði álitsskiptingum, A, kr. 132.530.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir